



**Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði**

**Fundargerð vegna fundar 25. maí 2011**

## Fundargerð starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði 25. maí 2011

Fyrsti fundur starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði fór fram miðvikudaginn 25. maí 2011, kl. 15.00 – 18.00. Samráðsferlið sjálft hófst með mótun samráðsáætlunar og hagsmunaaðilagreiningu, þá var haldinn kynningarfundur um samráðsferlið þann 13. apríl 2011 og síðan samráðsfundur sem öllum helstu hagsmunaaðilum var boðið að taka þátt í þann 3. maí 2011. Með þessum fyrsta fundi starfshópsins hefst lokahnykkur þessa samráðsferlis við mótun tillagna til stjórnar þjóðgarðsins. Stjórn þjóðgarðsins lagði upprunalega til að í starfshópnum yrðu sjö fulltrúar frá ólíkum hagsmunahópum en á kynningarfundinum þann 13. apríl kom fram ábending um að bæta tveimur við, sem stjórnin féllst á. Viðkomandi hagsmunaaðilar voru beðnir um að tilnefna tvo einstaklinga, karl og konu, til mögulegrar setu í starfshópnum. Einnig var óskað eftir því að a.m.k. annað þeirra væri búsett á nærsvæðum þjóðgarðsins, væri þess nokkur kostur. Út frá tilnefningunum var settur saman hópur og við samsetningu hans var leitast við að tryggja hæfilegt jafnvægi í kyni og búsetu fulltrúanna. Þeir einstaklingar sem tóku sæti í starfshópnum eru:

Vélknúin umferð	Elín Björg Ragnarsdóttir
Samút	Guðrún Inga Bjarnadóttir
Fulltrúi ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson
Göngu og hjólreiðamenn	Þórður Höskuldsson
Hestamenn	Ragnhildur Sigurðardóttir
Sveitarfélög	Eydís Indriðadóttir
Umhverfissamtök	Elín Erlingsdóttir
Náttúrufræðistofnun	Trausti Baldursson (tengiliður)
VJP	Kári Kristjánsson

Á fundinn 25. maí komust ekki Elín Björg Ragnarsdóttir (tók Óskar Erlingsson hennar sæti), Ragnhildur Sigurðardóttir og Trausti Baldursson.

Á þessum fyrsta fundi starfshópsins var farið yfir tilurð stofnunar þess samráðsferlis sem nú hefur staðið yfir frá því í byrjun apríl og á uppruna sinn í greinargerð Umhverfisráðuneytisins frá því 28. febrúar 2011. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefur skipulagt það samráð og beinist það að þeim hluta *Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs* sem lýtur að samgöngumálum.

Starfshópurinn fór á þessum fyrsta fundi sínum yfir nokkra helstu þætti greinargerðar Umhverfisráðuneytisins sem fjalla um samráðið og ræddi hlutverk, verklag og framvindu starfsins sem framundan er. Fjallaði jafnframt hver og einn í starfshópnum um þær væntingar sem viðkomandi hefur til starfsins framundan. Væntingar standa almennt til þess að starfið skili góðum árangri, það sætti ólík sjónarmið eins og nokkur kostur er og búi í haginn til lengri framtíðar hvað umgengni við þjóðgarðinn varðar og fyrirkomulag samráðs. Þátttakendum starfshópsins þykir verkefnið mikilvægt en jafnframt umfangsmikið, svo að ekki sé ljóst á þessari stundu hvort takist að fara yfir nauðsynlega þætti samgöngumálanna á næstu tveimur vinnufundum og ljúka þeirri yfirferð svo vel sé. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefur óskað eftir skýrslu starfshópsins þann 16. júní 2011. Sammældist starfshópurinn um það markmið að skila skýrslu á þeim tíma en sú skýrsla kynni að vera stöðumatsskýrsla eða áfangaskýrsla. Lagt yrði þá til að verkefninu yrði lokið í haust. Þessi mál skýrast þó á næstu tveimur vinnufundum starfshópsins.

Starfshópurinn hafði á þessum fyrsta fundi sínum ýmis gögn sér til stuðnings. Þau voru:

- 1) Minnisblað frá ráðgjafa starfshópsins, Þresti Olaf Sigurjónssyni, dagsettu 25/5/11
- 2) Greinargerð umhverfisráðherra v/staðfestingar á verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 28/2/11
- 3) Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 28/2/11
- 4) Umhverfisskýrsla fyrir stjórnunar- og verndaráætlun 5/10
- 5) Lög um Vatnajökulspjóðgarð, 2007 nr 60 28. mars og reglugerð nr 608/2008
- 6) Fundargerð samráðsfundar 3/5/11

## Fundargerð starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði 25. maí 2011

- 7) Svar stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs v/athugasemda við stjórnunar- og verndaráætlun 8/9/11
- 8) Tillaga um slóðir vestan Vatnajökuls milli Vonarskarðs og Veiðivatna – Jökklarannsóknarfélag Íslands 12. apríl 2010 og athugasemdir Gísla Ólafs Péturssonar, við vegahluta auglýstrar Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs frá maí 2010

Flest af því efni sem hér um ræðir er aðgengilegt á vef Þjóðgarðsins (<http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/verndun-og-stjornun/>). Afar mikið efni hefur verið unnið vegna Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs og mun starfshópurinn nýta sér allt það efni sem máli skiptir fyrir vinnuna. Hins vegar var talið nauðsynlegt á þessum fyrsta fundi starfshópsins að fara yfir meginþætti málsins til að þátttakendur öðluðust yfirsýn. Starfshópurinn hefur jafnframt aðgang að sérfræðingum um málefni Þjóðgarðsins og mun leita til þeirra eftir því sem þurfa þykir.

Fyrri hluti fundarins var eins og áður sagði varið til að fjalla um hlutverk, markmið og verklag starfshópsins, en seinni hlutinn var nýttur til þess að fara yfir fundargerð frá samráðsfundi 3. maí 2011, sem haldinn var að Nauthóli. Á þeim fundi komu saman um fimmtíu aðilar ólíkra hagsmunasamtaka á heildags vinnufundi, þar sem ýmis málefni Vatnajökulspjóðgarðs voru rætt. Fór starfshópurinn lið fyrir lið yfir fundargerðina og ræddi þær athugasemdir og tillögur sem þar komu fram. Ekki náðist að ljúka við yfirferð fundargerðarinnar og verður því verki framhaldið á næsta fundi starfshópsins þann 1. júní.

Starfshópurinn mun eiga samskipti milli fundar eins og þurfa þykir. Sérfræðingar verða jafnframt kallaðir til eins og nauðsynlegt er. Á næsta fundi mun Elín Erlingsdóttir vera með tölvu með landupplýsingakerfi og kortagrunni, sem nýtt verður við skoðun á einstökum leiðum um Þjóðgarðinn. Þátttakendur í starfshópnum sammældust um verklag hópsins. Fundargerðir verða haldnar og gerðar opinberar á vef Þjóðgarðsins ekki síðar en tveimur dögum eftir hvern fund starfshópsins. Hægt verður að senda starfshópnum athugasemdir um netfangið [starfshopur@vjp.is](mailto:starfshopur@vjp.is).

Virðingarfyllt,  
Þróstur Ólaf Sigurjónsson